


Grunnmynd
mkv. 1:100




Afstöðumynd
mkv. 1:500

**TÁKN:**

| | |
|---|---|
| Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. | EI-60 |
| Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. | |
| Björgunarop | BO |
| Reykskynjari | R |
| Rýmisnúmer | 101 |
| Lofræst rými | LR |
| Gólfniðurfall | GN |

20. OKT. 2021

## LÝSING ERINDIS

Erindið er til komið vegna útfærslu á flóttaleið af efri hæð kaffihússins Súfistans, Strandgötu 9. 80cm breiður stigi, með palli við útgönguleið af annari hæð, kemur niður í sund milli Strandgötu 9 og 11. Stiginn verður allur gerður úr galvaniseruðu járni, gólf verður úr járnrist og handrið klædd götuðum málmplötum. Engin brennanleg efni verða í palli og stiga. Á þessari hlið eru engir gluggar eða opnanir á neðri hæð hússins, og gafl næsta hús er steinsteyptur og án opnana. Áætlaður hámarksfjöldi gesta og starfsmanna á hæðinni er 15 manns. Þessi flóttastigi er tímabundin lausn, eða þar til farið verður í framkvæmdir á lóðinni í samræmi við deiliskipulag sem er í afgreiðsluferli.

Húsið er byggt árið 1912, en kvistum var bætt á húsið í kringum 1955. Ýmis starfssemi hefur verið í húsinu, en árið 1994 var því breytt í kaffihús.

KJALLARI. Í kjallara eru starfsmannaaðstaða og ræstiaðstaða, bökunarrými, lager og kælir / frystir.

1. HÆÐ. Á fyrstu hæð eru veitingasala og ræstiaðstaða.

2. HÆÐ. Á annari hæð eru eldhús og veitingasalur auk snyrtinga.

Húsið er staðsteypt og hvílir á sökkli og plötu steinsteypu. Gólf er úr timbri, og þak er hefðbundið timburþak klætt bárujárni.

BRUNAVARNALÝSING

1. Brunaviðvörunakerfis tengt viðurkenndri vaktstöð í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar er til staðar í húsinu.

2. Handslökkvitækjum var komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

3. Flóttaleiðir úr kjallarýmum eru annars vegar um stiga í norðurenda upp í veitingasal og þaðan um útidyr á suðurhlið, og hins vegar um björgunarop á NV-gafli (upp á timburpall við húsið). Flóttaleiðir úr veitingasal á 1. hæð eru um aðalinngang á SV-hlið, og um bakdyr á NA-hlið. Flóttaleiðir af 2. hæð eru annars vegar um stiga niður í veitingasal á 1. hæð og þaðan um aðalinngang, og hins vegar út á nýjar svalir og flóttastiga á SA-hlið.

4. Útljósum og neyðarlýsingu verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

5. Reykskynjarar sem tengjast stjórnstöð eru í öllum helstu rýmum.




Ásýnd Suð-vestur
mkv. 1:100




Ásýnd Suð-austur
mkv. 1:100

SHS
14.10.2021

| útg. | dags. | skýring | teiknað | yfirfarið |
|---|---|---|---|---|

**SÚFISTINN -FLÓTTALEIÐ AF EFRI HÆÐ**

| | |
|---|---|
| heimilisfang | STRANDGATA 9 |
| sveitarfélag | HAFNARFIRÐI |
| verkhluti | AÐALUPPDRÁTTUR |
| skýringartexti | grunnmynd, útlit SV & SA, afstaða og lýsing |

| verknúmer | landnúmer | staðgreinir | |
|---|---|---|---|
| 18/12 | 122393 | 1400-1-84000090 | |
| **teiknað** | **yfirfarið** | **kvarði** | **dags.** |
| KE | KE | 1:100 / 500 | 22-09-2021 |

teikning nr. A-201
útgáfa/breyting

AOK ARKITEKTAR


arkitekt / hönnunarstjóri: Kári Eiríksson, arkitekt, kt: 070365-4059

AOK - Gunnarssundi 5 - 220 Hafnarfjörður - kt: 480318-1610
sími: 699-0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is


A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.
Mælið ekki af teikningum, öll mál athúgist á staðnum.


Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.